

Ó, göfuga grein á hinu guðdómlega tré! Endalausar annir og ófyrirsjáanlegar breytingar hafa tafið svar við bréfi þínu. Þú fyrirgefur þetta án efa því að skyldustörf míni eru þess eðlis að þeim verður ekki með orðum lýst. Prátt fyrir þetta, lof sé Guði, er ‘Abdu’l-Bahá í stöðugum samskiptum við hinum heiðvirðum greinar á Hinu helga tré<sup>22</sup> vegna þeirrar djúpu ástar sem ég ber í hjarta mínu til Hinnar upphöfnu fegurðar – megi lífi mínu verða fórnæð Honum.

Lof sé Guði að byggingu neðri hæðar hins helga grafhýsis er lokið af fullum krafti, þokka og fegurð. Það var stór landspilda í brekkunni fyrir ofan helgidóminn. Hefði hún verið áfram í höndum ókunnugra gætu þeir hafa reist þar byggingar í framtíðinni sem myndu leiða til mikilla erfioleika. Aftur og aftur var þetta land blesað með fótsporum Bahá’u’lláh. Þar stóðu nokkur kýprustré og Hin blesaða fegurð – megi lífi mínu verða fórnæð ástvinum Hans – sat oft í forsælu þeirra meðan átrúendurnir voru í návist Hans. Þetta land þurfti einnig að kaupa fyrir skemmtu á tvö þúsund túmana og það var tengt umhverfi helgidómsins á Karmelfjalli.

Um vatnsþróna<sup>23</sup> er það að segja að áður en gerð hennar hófst var þessi þjónn í fangelsi. Evrópsku og tyrknesku verkfræðingunum tókst ekki að tryggja að mannvirkioð væri nógu traust og vandað og luku ekki störfum sínum. Pess vegna hrundi þróarveggurinn sem snýr að hafinu og vinnan fór að nokkru leyti forgörðum. Enginn skaði var þó skeður, því nú er verið að reisa traustan vegg undir eftirliti þessa þjóns og því verki mun brátt ljúka. Þótt ég hafi ekki getað farið sjálfur að helgidómnum vegna fangelsisvistarinnar, hef ég haft eftirlit með byggingarframkvæmdum úr fjarlægð. Þeim lýkur brátt með traustum og farsælum hætti. Reyndar er þetta ekki vatnsþró heldur útsær!

Og hvað varðar heimsókn laufsins helga á hinu blesaða tré: Ef Guð leyfir verða kringumstæður brátt hentugar og þá verður leyfi veitt. Þér fylgi heill og árnaðaróskir.

### Skýringar

22. Vísun til Afnán, ættingja Bábsins. ↵
23. Vatnsþróin sem tengist grafhýsi Bábsins. ↵